

Lög

um breytingu á almennum hegningarlögum, nr. 19/1940 (mansal).

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 1. mgr. 227. gr. a laganna:

- Í stað orðanna „mann kynferðislega eða til nauðungarvinnu“ í 1. málsl. kemur: annan mann í vændi eða á annan kynferðislegan hátt, í nauðungarhjónaband, í þrældóm eða ánauð, til nauðungarvinnu eða nauðungarþjónustu, þ.m.t. betls, til að fremja refsiverðan verknað.
1. tölul. orðast svo: Að útvega, flytja, afhenda, hýsa eða taka við einstaklingi og við það er beitt eða hefur verið beitt ofbeldi, nauðung, frelsissviptingu, brottnámi, hótun, ólög-mætum blekkingum með því að vekja, styrkja eða hagnýta sér villu viðkomandi um að-stæður, eða með því að notfæra sér bága stöðu, fákunnáttu eða varnarleysi viðkomandi eða með því að hagnýta sér yfirburðastöðu sína.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Samþykkt á Alþingi 10. júní 2021.